

# Drög að erindisbréf fyrir stafrænan faghóp SASS

11. september 2020

## Hlutverk og skipan

Hlutverk faghópsins er að:

- styrkja samstarf sveitarfélaga á Suðurlandi um stafræna framþróun þeirra og styðja við vinnu fulltrúa samtakanna í stafrænu ráði sambandsins.
- skapa traustari grunn fyrir markvissa forgangsröðun samstarfsverkefna sveitarfélaga um stafræna framþróun og hagsmunagæslu og miðla til sveitarfélaga og sambandsins, sérstaklega gagnvart ríki og hugbúnaðarfyrirtækjum.
- stuðla að samhæfðri vinnu sveitarfélaga á Suðurlandi að stafrænni framþróun.

Faghópurinn er ráðgefandi við fulltrúa samtakanna í stafrænu ráði sambandsins.

Faghópurinn skal skipaður fulltrúum sveitarfélaganna 15 sem aðild eiga að SASS.

Gert er ráð fyrir að skipaður fulltrúi njóti, þegar við á, stuðnings frá starfsmanni sveitarfélags síns sem er með góða þekkingu á stafrænum málum.

Skipaður fulltrúi SASS í stafrænu ráði sambandsins skal miðla upplýsingum um stöðu stafrænna mála í landshlutunum til sambandsins og sveitarfélaga á Suðurlandi og upplýsingum um viðhorf sambandsins og sveitarstjórna á Suðurlandi til sameiginlegrar stefnumótunar og hugmynda um samstarfsverkefni.

## Boðun funda og fundargerðir:

Fundir faghópsins skulu vera 8 – 10 sinnum ár hvert. Fulltrúi SASS í stafrænu ráði sambandsins boðar fundi með skriflegri dagskrá með hæfilegum fyrirvara og eru fundir haldnir eftir fremsta megni á netinu. Fulltrúi SASS í starfshópi sambandsins stjórnar fundum faghópsins og gengur frá fundargerð í samráði við fundarmenn. Afstaða, ráð og tillögur sem fram koma í faghópnum um stafræn verkefni skulu vera sérstaklega tekin fram í fundarpunktum og þær lagðir fyrir sveitarstjórnir til kynningar eða eftir atvikum birtar á heimasíðu SASS og sveitarfélaganna.

## Hugmyndir um verkefni stafræns faghóps sunnlenskra sveitarfélaga til stuðnings fulltrúa SASS í stafrænu ráði sveitarfélaga:

- Samanstendur af kjörnum fulltrúum og/eða starfsmönnum sveitarfélaga öllum 15 sveitarfélögum á Suðurlandi
- Fundar 8-12 sinnum á ári
- Stafrænn faghópur stuðlar að greiningu á stöðu stafrænna mála sveitarfélaga og þekkir stöðu sveitarfélaga í stafrænum málum
- Kemur með tillögur að málum sem fulltrúi SASS ætti að taka upp í stafrænu ráði sambandsins
- Undirbýr og setur fram mál fyrir fulltrúa SASS í stafrænu ráði sambandsins
- Vinnur að þekkingarmiðlun til sveitarfélaga til stuðnings samvinnu sveitarfélaga í stafrænum málum
- Fulltrúi SASS í stafrænu ráði sambandsins hefur umsjón með starfi faghópsins